

HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: Fiskmarkaður Austurlands ehf.
kt. 580298-3119

Starfsstöð: Strandgata 14b, 735 Eskifirði
Fastanúmer: F217-0385

Leyfið gildir frá 18. desember 2023 til 18. desember 2035

Um er að ræða starfsleyfi fyrir

- Fiskmarkað

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skytt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Lára Guðmundsdóttir
heilbrigðisfulltrúi

Starfsleyfisskilyrði

Heilbrigðisnefndar Austurlands

Starfsleyfishafi: Fiskmarkaður Austurlands ehf., kt. 580298-3119
Starfsstöð: Strandgata 14 b, 735 Eskifirði
Fastanúmer: F217-0385

Leyfið gildir frá 18. desember 2023 til 18. desember 2035

Um er að ræða starfsleyfi fyrir:

- **Fiskmarkað**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt neðangreindum lögum og á grunni umsóknar dags. 8. nóvember 2023

Lög sem um starfsemina gilda eru m.a.

- *Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.*

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda s.s.

- *Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit*
- *Reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi*

1. Lýsing á starfseminni og skilyrði sem gilda

Í húsnæðinu er rekinn fiskmarkaður og slægingarþjónusta í tengslum við hann. Húsnæðið skiptist í vinnslusal, kæli á einni hæð og starfsmannaaðstöðu á tveimur hæðum. Steypt/malbikað plan er umhverfis húsnæðið.

Um starfsemina gilda m.a.

- *Reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi*
- *Fylgiskjal 1. Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi.*

2. Mengunaróhapp

Komi til atvika sem geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið skal tafarlaust gripið til ráðstafana til að hindra að efni eða úrgangur berist í umhverfið eða í niðurföll.

Slík atvik skal tilkynna til Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

3. Annað sem varðar starfsemina

3.1. Fráveita

Fráveituvatni frá þeim hluta hússins þar sem fram fer vinnsla er leidd í fitugildru áður en því er veitt í fráveitukerfi sveitarfélagsins. Önnur fráveita fer í fráveitukerfi sveitarfélagsins.

Um fráveitur gilda m.a.:

- *Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp*

3.2. Meðferð úrgangs

Allur úrgangur skal meðhöndlaður í samræmi við reglur sveitarfélagsins.

Spilliefni og hvers konar efni sem unnt er að endurvinna og endurnota skulu flokkuð sér og flutt til móttöku skv. reglum þar um og taka kvittun til staðfestingar á réttum skilum.

Um úrgang gilda m.a.:

- *Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni*

3.3. Lóð og umhverfi

Umgengni um lóð og athafnasvæði skal vera góð og lóðamörk skulu virt.

Ekki er heimilt að geyma óviðkomandi tæki, hluti eða vélar á lóðinni.

18. desember 2023

Virðingarfyllst,

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Lára Guðmundsdóttir

heilbrigðisfulltrúi

18. desember 2023

Greinargerð vegna starfsleyfisvinnslu – Fiskmarkaður Austurlands Eskifirði

Umsókn um starfsleyfi fyrir Fiskmarkað að Naustahvammi 64, 740 Neskaupstað barst 28. júlí sl.

Umsækjandi var Fiskmarkaður Austurlands ehf. kt. 580298-3119. Um er að ræða endurnýjun á starfsleyfi.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins var í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Drög að starfsleyfi voru auglýst á heimasíðu HAUST þann 16.11.2023. Frestur til að skila inn athugasemdum var 4 vikur frá birtingu og rann því út 14.12.2023.


Engar athugasemdir bárust á umsagnartíma og var starfsleyfi fyrir Fiskmarkað Austurlands í Neskaupstað útgefið 1.9.2021 með gildistíma til tólf ára.

Engar breytingar voru gerðar á útgefnu starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

Vakin er athygli á því að samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga.

Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Virðingarfyllt,
f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Lara Guðmundsdóttir

heilbrigðisfulltrúi